

Innlendur gjaldeyrismarkaður og gjalddeyrisforði 2015

Á árinu 2015 styrktist gengi krónunnar um 7,9%, velta á gjaldeyrismarkaði jókst um 85% og var hlutur Seðlabankans í veltunni 55%. Gjalddeyrisforði Seðlabankans jókst um 123 ma.kr. og var í árslok 653 ma.kr. Fordinn jókst mest vegna hreinna gjaldeyriskaupa Seðlabankans um sem nemur 272 ma.kr. á árinu en á móti lækkaði fordinn m.a. vegna uppkaupa ríkissjóðs á eigin bréfum í erlendum gjaldmiðli og fyrirfram greiðslu Seðlabankans á AGS láni.

Gjalddeyrismarkaður árið 2015

Á nýliðnu ári fylgdi Seðlabankinn áfram þeirri stefnu sem peningastefnunefnd kynnti í maí 2013¹ um virkari inngríp bankans á gjaldeyrismarkaði. Öll inngríp Seðlabankans voru á sama veg, þ.e. Seðlabankinn keypti gjaldeyri af viðskiptavökum. Bankinn keypti rúmlega tvöfalt meira á árinu 2015 en 2014.

Alls námu hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans á millibankamarkaði 272,4 ma.kr. á árinu 2015, sem nema um 12,5% af áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins og var aukningin um 140% á milli ára. Til samanburðar námu gjaldeyriskaup á árinu 2014 um 5,6% af landsframleiðslu þess árs. Heildarvelta á gjaldeyrismarkaðnum jókst um 85% á milli ára og nam 492,7 ma.kr. árið 2015. Hlutur Seðlabankans í heildarveltu nam um 55% árið 2015 en um 43% árið 2014.

Markmið gjaldeyriskaupa í aðdraganda losunar hafta er annars vegar að stækka gjalddeyrisforða og auka þann hluta hans sem ekki er fjármagnaður með erlendum lánum og hins vegar að draga úr sveiflum í gengi krónunnar. Lítil verðbólga og gjalddeyrissinnstreymi gerðu svo umfangsmikil kaup möguleg, enda styrktist gengið um 7,9% á árinu þrátt fyrir umfangsmikil kaup. Gjalddeyrisviðskipti bankans drógu úr skammtímasveiflum gengis og komu í veg fyrir meiri styrkingu en þó varð. Gengi krónu gagnvart evru var skráð í í janúar 154,3 en lægsta gildi hennar var skráð 140,3 í desember. Mismunur á hæsta og lægsta gildi krónu gagnvart evru var um 9,9% en til samanburðar var munurinn

¹ Yfirlýsing peningastefnunefndar 15. maí 2013.

4,9% árið 2014. Daglegt flókt gengis krónu gagnvart evru var 3,1% á ársgrunni.

Auk inngripa á gjaldeyrismarkaðnum héldu reglubundin gjaldeyriskaup Seðlabankans áfram í óbreyttri mynd frá fyrra ári². Kaupin námu 6 milljónum evra í viku hverri og áttu sér stað á fyrirfram tilkynntum tíma. Samtals námu reglubundin kaup um 46,2 ma.kr. árið 2015 sem er um 17% af heildarkaupum ársins.

Mest keypti Seðlabankinn af gjaldeyri yfir sumarmánuðina. Í júní, júlí og ágúst námu gjaldeyriskaup bankans samtals um 115 ma.kr. eða um 42% af heildarkaupum ársins. Í ágúst mánuði einum keypti bankinn gjaldeyri fyrir um 47 ma.kr. Erlendir fjárfestar höfðu nokkur áhrif á gjaldeyrismarkaðinn á árinu með nýfjárfestingu í ríkisskuldabréfum. Tilkynnt nýfjárfesting í ríkisskuldabréfum nam um 50 ma.kr. sem samsvarar um 20% af gjaldeyriskaupum Seðlabankans á árinu og 2,3% af VLF.

Gjaldeyrisforði³

Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst um 123 ma.kr. (951 milljónir USD) á árinu 2015 og var í árslok 653 ma.kr. (5.042 milljónir USD). Gjaldeyrisforði Seðlabankans mældist í lok árs 33% af vergri landsframleiðslu, 35% af peningamagni og sparifé (M3) og dugði fyrir innflutningi á vörum og þjónustu í 9 mánuði.

Helstu hreyfingar til hækkunar gjaldeyrisforða á árinu voru hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans á millibankamarkaði sem námu 272 ma.kr. (1.872 milljónum EUR). Endurheimtur ESÍ í erlendum gjaldmiðli árið 2015 juku forðann um 22 ma.kr. Arion banki greiddi inn á víkjandi lán frá ríkissjóði að andvirði um 20 ma.kr. og Íslandsbanki einnig að andvirði um 20 ma.kr. auk þess sem Íslandsbanki gerði upp gjaldmiðlaskiptasamning sem jók forða um 11 ma.kr.

Helstu hreyfingar til lækkunar forða á árinu voru vegna uppkaupa ríkissjóðs á eigin bréfum í erlendum gjaldmiðli að andvirði 67 ma.kr. (497 milljónir USD). Seðlabanki Íslands ákvað að greiða fyrirfram eftirstöðvar láns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, jafnvirði 42 ma.kr. (237 milljónir SDR). Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs á skuldum í erlendum gjaldmiðli námu 36 ma.kr., 28 ma.kr. (192 milljónum EUR) vegna skuldabréfa í sambandi við Avens og 8 ma.kr. (204 milljónum PLN) vegna láns frá Póllandi. Þá námu gjaldeyrisviðskipti vegna lokauppgjörðs innstæðutrygginga vegna Icesave 30 ma.kr.

² Frétt nr. 23/2014.

³ Tölur fyrir árið 2015 eru bráðabirgðatölur.

Í lok árs 2015 var gjaldeyrisforði að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli 313 ma.kr. Til samanburðar var forðinn þannig reiknaður 57 ma.kr. í lok árs 2014 og hefur því aukist um 256 ma.kr. á árinu 2015. Til viðbótar við gjaldeyrisforða eiga Seðlabankinn og ríkissjóður eignir í erlendum gjaldeyri að fjárhæð 66 ma.kr. Gjaldyrisjöfnuður Seðlabankans, þ.e. mismunur milli allra eigna og skulda Seðlabankans í erlendum gjaldmiðli, var um 370 ma.kr. en hann jókst um 230 ma.kr. á árinu 2015.

Nánari upplýsingar veitir Már Guðmundsson seðlabankastjóri í síma 569-9600.

Gjaldeyrismarkaður og gjaldeyrisforði

		2012	2013	2014	2015
Gengi krónunnar (breyting frá upphafi til loka árs)	%	-6,6	10,7	1,7	7,9
Daglegt gengisflókt, ársgrunnur	%	5,4	6,3	3,2	3,1
Velta á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	167	166	267	493
hlutfall Sí	%	13,8	11,5	42,8	55,3
Kaup Sí á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	20	10	113	272
Sala Sí á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	3	9	1	0
Hrein gjaldeyriskaup Sí	ma.kr.	17	1	111	272
Gjaldeyrisforði, milljónir Bandaríkjadala	m.USD	4.182	4.228	4.178	5.042
Gjaldeyrisforði í ma.kr.	ma.kr.	540	487	530	653
Gjaldeyrisforði að frádregnum skuldum Sí og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli	ma.kr.	-29	-28	57	313
Gjaldeyrisjöfnuður Sí, mismunur eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli	ma.kr.	112	61	138	370
Gjaldeyrisforði sem hlutfall af VLF	%	33	29	28	33
Gjaldeyrisforði, mánuðir í innflutningi ⁴	Mánuðir	13	11	7	9

⁴ Athuga skal að frá og með 2014 er horft til bæði innflutnings á vöru og þjónustu en fyrri ár var aðeins horft til vöruinnflutnings og skýrir það lægri tölu 2014 miðað við 2013, þótt gjaldeyrisforðinn hafi verið hærri.